



Building a better
working world

Ernst & Young ehf.
Borgartúni 30
Reykjavík

Sími: 595 2500
Fax: 595 2501
ey.is

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um skatta, tolla og gjöld (samsköttun félaga, takmörkun á frádrætti vaxtagjalda, leigutekjur o.fl.), 385. mál.

EY barst tölvupóstur þann 6 apríl 2017 frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis þar sem félaginu er gefinn kostur á að senda inn umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um tekjuskatt. Athugasemdir hafa verið settar fram hér að neðan í framhaldi af framlagningu þingskjals 515 – 385. máls löggjafans um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta, tolla og gjöld.

1. Athugasemdir við 3. gr. frumvarpsins

Lögð er til breyting á 4. mgr. 55. gr. laga 90/2003 um tekjuskatt. Eins og frumvarpið hefur verið sett fram, hafa verið gerðar breytingar með því að fella brott ákvæði um að yfirfæranlegt tap hlutafélags sem stafar af rekstri frá því fyrir samsköttun megi aðeins nýta í því félagi. Engar tilraunir eru gerðar til að skýra þetta í frumvarpinu þó vel færi á því ef breyta ætti framkvæmd samsköttunar með því að fella málsliðinn brott. EY telur að brottfall ákvæðisins án skýringa muni auka á óskýrleika ákvæðisins og kunni að auka þau miklu brögð sem hafa verið á nýtingu eldra taps með röngum hætti - sem lýst er í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins. EY leggur því til að löggjafinn skýri afstöðu sína og kveða skýrt á um það ef ætlunin er að falla frá fyrri framkvæmd um nýtingu taps hlutafélags sem stafar af rekstri þess frá því fyrir samsköttun.

Virðingarfyllst,

Ernst & Young ehf.